



Til bæjarráðs Kópavogsbæjar.

23. mars 2026
2202420/2207152/26011850 SSF

Efni: Upplýsingar til bæjarráðs.

Með bréfi dags. 25. febrúar 2022 tilkynnti Persónuvernd Kópavogsbæ að stofnunin hefði ákveðið að hefja úttekt á notkun sex sveitarfélaga, eða grunnskóla þeirra, á skýjaþjónustu í grunnskólastarfi og var Kópavogsbær þeirra á meðan (2202420).

Eftir svör sveitarfélagsins tók Persónuvernd ákvörðun um að einskorða úttekt sína annars vegar við notkun á kennslulausnunum Seesaw (2207152) og Google workspace for education (220221283/26011850). Í fyrrnefnda málinu tók Persónuvernd ákvörðun þann 2. maí 2023 m.a. um að leggja stjórnvaldssekt á Kópavogsbæ að fjárhæð 4.000.000 kr. Í síðarnefnda málinu tók Persónuvernd ákvörðun þann 28. nóvember 2023 m.a. um að leggja stjórnvaldssekt á Kópavogsbæ að fjárhæð 3.000.000 kr. Í báðum tilvikum taldi Persónuvernd að vinnsla persónuupplýsinga á vegum Kópavogsbæjar hafi ekki verið að fullu í samræmi við ákvæði persónuverndarlöggjafarinnar.

Með ákvörðunum dags. 27. maí 2025 og 19. mars 2026 hefur Persónuvernd afturkallað þann hluta beggja fyrrnefndra ákvarðana sem varðaði álagningu stjórnvaldssektar. Ennfremur afturkallaði Persónuvernd ákvörðun í máli vegna Seesaw kennslulausnarinnar sem varðaði lokun reikninga nemenda og eyðingu persónuupplýsinga þeirra. Þá mælti Persónuvernd í báðum málum fyrir um endurgreiðslu stjórnvaldssektanna með vöxtum.

Ákvarðanir Persónuverndar byggðu að hluta á dómi Hæstaréttar Íslands frá 9. desember 2024 í máli nr. 18/2024 sem varðaði notkun Reykjavíkurborgar á Seesaw kennslulausninni. Í stuttu máli féllst Persónuvernd í kjölfarið á að í fyrri ákvörðunum sínum hafi falist efnisannmarki í þeirri ályktun stofnunarinnar að Kópavogsbær hafi unnið með viðkvæmar persónuupplýsingar eða hrein einkamálefni hinna skráðu enda hafi rannsókn Persónuverndar ekki leitt þetta ótvírætt í ljós. Þá fellst Persónuvernd á að betur hefði samrýmt meðalhófsreglu og leiðbeiningarskyldu að veita Kópavogsbæ tækifæri til þess að færa vinnsluna til samræmis við persónuverndarlöggjöfina í stað þess að veita sveitarfélaginu fyrirmæli um lokun reikninga og eyðingu persónuupplýsinga þeirra úr kerfinu. Þá hafi ekki verið næg efni til að leggja stjórnvaldssektir á Kópavogsbæ.

{Undirritað rafrænt}
Steinn Finnbogason
Persónuverndarfulltrúi Kópavogsbæjar

